



SKOTÍÞRÓTTASAMBAND ÍSLANDS

ICELANDIC SHOOTING SPORTS FEDERATION

Bréf til Dómsmálaráðuneytis

Til þeirra er málið varðar,

Reykjavík, 20.mars 2026

Stjórn Skotíþróttasambands Íslands (STÍ) barst svar við erindi sem sent var Dómsmálaráðuneytið þann 5. september 2025 þar sem óskað var eftir fundi með ráðuneytinu.

Svarið barst 26. febrúar 2026. Í svarinu er erindi STÍ ekki efnislega svarað að öðru leyti en því að bent er á að sambandið geti komið ábendingum sínum á framfæri þegar drög að reglugerð verða birt í samráðsgátt stjórnvalda, líkt og almenningi almennt stendur til boða. Beiðni um fund með ráðuneytinu hefur því enn ekki fengið efnislegt svar.

Skotíþróttasamband Íslands er sérsamband innan Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands og eitt af stærstu sérsamböndum landsins í einstaklingsgreinum. STÍ er jafnframt stærsti málsvari skotíþróttafólks á Íslandi og innan sambandsins eru 19 aðildarfélög og um 6.000 iðkendur. Þegar kemur að regluverki á sviði skotíþróttar telur STÍ því eðlilegt að sambandið komi að þeirri vinnu til ráðgjafar, enda býr það yfir víðtækri þekkingu á starfseminni. Sú reglugerð sem nú er í vinnslu snertir verulega starfsemi skotíþróttar og aðildarfélaganna þeirra.

Þann 15. mars 2023 átti STÍ fund með ráðuneytinu þar sem stjórn sambandsins var upplýst um að fyrirhugaðar væru reglugerðarbreytingar á málefnaviðinu og að STÍ yrði boðið að koma að þeirri vinnu sem einn af helstu hagsmunaaðilum málsins. Í kjölfarið sendi STÍ erindi til ráðuneytisins 22. mars 2024 þar sem óskað var eftir fundi vegna málsins, en því erindi var ekki svarað.

STÍ beið eftir boði um aðkomu að vinnunni, en þegar útséð var um slíkt var sent nýtt erindi til ráðuneytisins þann 5. september 2025, þar sem ítrekuð var ósk um fund.

Stjórn STÍ þykir miður að ekki hafi orðið af þeirri aðkomu að vinnunni sem rætt var um á fundinum árið 2023 og að sambandinu sé nú einungis vísað á samráðsgáttina eftir að drög að reglugerð liggja fyrir.

Með hliðsjón af framangreindu ítrekar STÍ hér með ósk sína um fund með ráðuneytinu við fyrsta hentugleika, þar sem sambandið telur mikilvægt að eiga samtal við ráðuneytið um málið áður en endanlegar tillögur liggja fyrir.

Afrit sent forseta Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands og framkvæmdastjóra ÍSÍ.

Virðingarfyllt,

Halldór Axelsson
Formaður
Skotíþróttasamband Íslands